

Fjárfestingafélagið Hvammur ehf.

Stjórnarfundur

Miðvikudaginn 6 maí 2026 var haldinn stjórnarfundur. Fundurinn var haldinn á TEAMS og hófst hann kl. 11:00

Fundinn sátu: Garðar Freyr Vilhjálmsson, Andri Þór Árnason og Einar Jón Geirsson

Andri Þór ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Uppbygging og þátttaka við byggingu á atvinnuhúsnæði í Búðardal.
2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2025
3. Boðun aðalfundar.
4. Önnur mál

1. Tillaga að uppsetningu iðnaðarbils til minjavörslu, rými má þarf að vera tvískipt, ein innkeyrsluhurð í því rými sem ekki verður nýtt til minjavörslu, tvær inngönguhurða þurfa að vera. Annað rými sem nýtt verður undir minjavörslu væri kostur að væru gluggalaust. Hvernig rýmum verður hólfað niður verður ákveðið síðar í ferlinu í samráði við leigutaka.
2. Garðar fór yfir drög að ársreikningi og ekki var gerð athugasemd við hann, tillaga að skýrslu stjórnar í ársreikningi var lögð fram og ekki var gerð athugasemd við hana. „*Engar fjárfestingar áttu sér stað á árinu 2025. Húsnæði félagsins að Reykhólum hefur verið í útleigu og leigutaki í skilum. Vinna við undirbúning að atvinnuhúsnæði í Dalabyggð hélt áfram á árinu og miðar vel.*“
3. Samþykkt er að aðalfundir Fjárfestingafélagsins verði haldinn þann 5. júní klukkan 11:00 í stjórnsýsluhúsinu að Miðbraut 11, 370 Búðardal.
4. Önnur mál ekki rædd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30

Fundargerð staðfest í tölvupósti:

Andri Þór Árnason

Garðar Vilhjálmsson

Einar Jón Geirsson